VÍSIR

Útgefandi: Reykjaprent hf.
Framkvæmdastjóri: Davíð Guðmundsson
Ritstjórar: Þorsteinn Pálsson, ábm.
Ólafur Ragnarsson
Ritstjórnarfulltrúi: Bragi Guðmundsson
Fréttastj. erl. frétta: Guðmundur Pétursson

Blaðamenn: Anders Hansen, Anna Heiður Oddsdóttir, Edda Andrésdóttir, Einar K. Guðfinnsson Jón Ormur Halldórsson, Kjartan L. Pálsson, Ólafur Hauksson, Óli Tynes, Rafn Jónsson, Sigríður Egilsdóttir, Sigurveig Jónsdóttir, Þrúður G. Haraldsdóttir.
Íþróttir: Björn Blöndal, Gylfi Kristjánsson.
Útlitsteiknun: Jón Óskar Hafsteinsson
Ljósmyndir: Jens Alexandersson, Loftur Ásgeirsson.
Auglýsingastjóri: Þorsteinn Fr. Sigurðsson.
Dreifingarstjóri: Sigurður R. Pétursson.
Auglýsingar: Hverfisgötu 44. Símar 11660 86611
Afgreiðsla: Hverfisgötu 44. Sími 86611
Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611. 7 línur
Áskriftargjald 1000 kr. á mánuði innanlands.
í lausasölu 50 kr. eintakið. Blaðaprent hf.

Upplýsingafulltrúa í kerfið

Ýmis fyrirtæki og stofnanir hér á landi hafa í sinni þjónustu blaðafulltrúa, menn, sem annast fyrirgreiðslu við fjölmiðla og koma á framfæri fréttum og fróðleik um viðkomandi fyrirtæki. Slíkir tengiliðir fyrirtækjanna við fjölmiðlana og fólkið eru nauðsynlegir ef fjölmiðlunin á að geta gengið snurðulítið fyrir sig.

Opinberar stofnanir hafa yfirleitt ekki slíka starfsmenn í þjónustu sinni, en víða væri þörf á því. Blaðamenn gætu þá leitað upplýsinga á einum stað hjá þessum aðila og haft milligöngu um að koma þeim á framfæri. Þess eru allt of mörg dæmi að embættismenn hins opinbera séu of önnum kafnir til þess að hafa tíma til að sinna fjölmiðlafólki og svara spurningum þess. Þess vegna m.a. gengur fjölmiðlunum oft illa að fá svör við þeim spurningum, sem brenna á vörum fólksins í landinu hverju sinni, en þær tengjast ekki einum málaflokki frekar en öðrum.

Sú var tíðin, að ríkisstjórn Íslands hafði starfandi á sínum vegum blaðafulltrúa, og þótt ekki hafi allt tekist vel hjá þeim síðasta, er því starfi gegndi, sýndi það sig, að þörf er fyrir slíkan aðila. Að vísu er starfandi blaðafulltrúi á vegum einnar stjórnardeildarinnar, utanríkisráðuneytisins, en þjónusta hans snýr fyrst og fremst að erlendum fréttamönnum, sem hingað koma.

Þess er rétt að geta að nú í seinni tíð hafa ýmsir opinberir embættismenn leitast við að veita fjölmiðlum greiðari aðgang en áður að gögnum og upplýsingum ýmiss konar og er það vel. En þessir skilningsríku menn, sem hafa tamið sér nútíma hugsunarhátt í stað þess að vera forpokaðir og rígbundnir við gamlar leyndardómakreddur, eru því miður of fáir ennþá. Aftur á móti ber að þakka það, sem vel er gert og er í því sambandi skemmst að minnast mjög lipurra samskipta fréttastofnana og dómarans í ávísanakeðjumálinu, sem markað hefur jákvæða og skipulega stefnu gagnvart fjölmiðlum.

Eftir að settar verða fastar nútímalegar reglur um upplýsingaskyldu stjórnvalda væri mjög æskilegt að opinberar stofnanir kæmu á fót embætti blaðafulltrúa, sem gæti að nokkru leyti létt af ýmsum embættismönnum stjórnsýslukerfisins þjónustunni við fjölmiðlana.

Slíkir blaðafulltrúar ættu að hafa reglurnar sem bakhjarl og þeim ætti að vera treystandi til þess að útvega tiltækar upplýsingar. Ef til vill hentaði betur að nefna þessa menn upplýsingafulltrúa og binda starfssvið þeirra þá ekki eingöngu við miðlun til fréttastofnana heldur gætu þeir annast almenna upplýsingaþjónustu ákveðinna stofnana og stjórnardeilda bæði fyrir einstaklinga, stofnanir og fjölmiðla.

Í ákveðnum tilvikum gætu upplýsingafulltrúarnir haft frumkvæði um birtingu upplýsinga með því að koma þeim til dæmis á framfæri við fjölmiðla, en einnig ættu þeir að útvega þær upplýsingar og þau gögn, sem beðið er um.

Með þessu móti ætti upplýsingamiðlunin frá hinu opinbera kerfi að geta orðið mun fljótvirkari og auðveldari en nú er, þegar treysta þarf í mörgum tilvikum á önnum kafna embættismenn, sem í mörg horn þurfa að líta, og erfitt er oft að ná tali af jafnvel dögum saman.

EINLÆGUR UNNANDI LANDSINS

Ljósmyndasýning Gunnars Hannessonar á Kjarvalsstöðum

Myndlist



Einar Hákonarson, skrifar

Gunnar Hannesson var gott dæmi um mann, er fékk köllun í lífinu, það gerðist fyrir rúmlega tíu árum. Að mála íslenskt landslag var löngu þekkt fyrirbæri frá frumherjum íslenskrar myndlistar, margir hafa síðan farið í þeirra farveg með misjöfnum árangri. Gunnar hafði verið unnandi íslenskrar náttúru og ferðast um landið þvert og endilangt um árabil áður en hann fékk sér fyrstu ljósmyndavélina. Það varð upphafið að þrotlausri myndatöku næstu tíu árin.

Að vísu hlýtur Gunnar að hafa átt við ýmsa byrjunarörðugleika að stríða algjörlega ómenntaður í ljósmyndatækni. Fljótlega uppgötvar hann möguleika tækisins og fyrir meðfædda listgáfu og tilsögn góðra manna, fara myndir hans að taka á sig æ sterkari svip þjálfaðs atvinnumanns.

Hann fer að mála með myndavélinni, ef svo mætti að orði komast, og býr yfir djúpri tilfinningu fyrir myndefnum, samfara næmi og þroska í myndbyggingu, og síðast en ekki síst sérstæðri og persónulegri túlkun á landi okkar. Það færi betur ef fleiri menn bæru í brjósti slíkar heitar tilfinningar til lands og þjóðar og Gunnar heitinn gerði um ævina. Hann reyndi að líta bjartari hliðar tilverunnar og með því að sáldra um sig jákvæðum viðhorfum til samferðamanna. Ég var svo heppinn að starfa um stuttan tíma með Gunnari, við sögusýninguna „Ísland — íslendingar, þjóðhátíðarárið 1974.

Mér líður seint úr minni eldlegur áhugi hans, sífellt vakandi yfir nýjungum og hvernig hlutirnir mættu best fara. Og ekki tók hann nærri sér að standa í salnum og útskýra myndir sínar þrisvar í viku á annan mánuð, slíkur var áhuginn á að opna fólki innsýn í töfraheim íslenskrar náttúru.


Myndir Gunnars hafa farið víða um heim og verið mikið notaðar til kynningar á okkar fallega landi, og þar kom að honum var boðið að sýna ljósmyndir eftir sig í sýningarsal Nikon House í New York síðastliðinn vetur. Það er mikill heiður og draumur flestra ljósmyndara. Því var það ánægjulegt að Gunnari skyldi hlotnast þessi heiður, áður en hann kvaddi þetta jarðlíf.

Hann hefur reist sér stórbrotinn minnisvarða í formi ljósmynda sinna og ég vona að hann verði varðveittur vel.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er gullfalleg og öllum til sóma, sem að henni hafa staðið.



Heimaeyjargos



Hljómskálinn í Reykjavík.